

## Fundargerð

5. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum  
4. mars 2021 kl. 13:00, fjarfundur

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Ásta Einarsdóttir (ÁE), Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Hreinn Hrafnkelsson (HH) f.h. Erlu Sigríðar Gestsdóttur (ESG) og Jón Björn Hákonarson (JBH) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA) og Sigurjón Jóhannsson (SJ) sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson (GJ) boðaði forföll. JBH mætti til fundar kl. 14:15.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Kynning og umræður um drög að forsenduskýrslunni *Samfélag, nýting, náttúra*

Svæðisráð fékk send drög að forsenduskýrslu fyrir gerð strandsvæðisskipulags, *Samfélag, nýting, náttúra*, með tölvupósti þann 18. febrúar síðastliðinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir núverandi nýtingu á skipulagssvæðinu og þeim verndarákvæðum sem gilda á og við svæðið ásamt fyrirleggjandi stefnu stjórnvalda sem varðar svæðið. EAA kynnti uppbyggingu og vinnu við gerð forsenduskýrslu og farið var yfir drög að skýrslunni í heild sinni. Við yfirferðina komu fram ábendingar við efnið sem Skipulagsstofnun tekur til athugunar og breytir í samræmi við umræður á fundinum. Forsenduskýrsla verður gefin út í framhaldinu. Í umræðum um skýrsluna var bent á að horfa þurfi til kynjasjónarmiða við vinnslu skipulagsins og lagt til að gögn um íbúafjölda og atvinnuþróun verði greind niður á kyn. EHP nefndi hvort gera ætti betri grein fyrir aðstæðum á svæðinu þ.e. fjölbreytileika svæðisins hvað varðar þéttbýli, dreifbýli og eyðifirði. Þá var rætt um hættuna af hækkun sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga og af ofanflóðum, m.a. vegna bráðnunar sífrera, og áhrif þeirra á strandsvæðið. ÁE sagði frá því að áform væru uppi um að bjóða út fiskeldi í Mjóafirði og óskaði eftir því að gerð yrði grein fyrir því í forsenduskýrslu að undangengnu burðarþolsmati. EAA bent á að í skýrslunni er gerð grein fyrir því hvar hafi verið lagt mat á burðarþol fjarða og hvar áhættumat liggja fyrir ásamt upplýsingum um leyfi til fiskeldis og umsóknum um leyfi til fiskeldis sem falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögum um fiskeldi. Ekki liggja fyrir burðarþolsmat í Mjóafirði eða áhættumat og því ekki tiltæk gögn til að setja fram í skýrslunni. Í Mjóafirði liggja ekki fyrir leyfi né umsóknir enda hefur ekki verið gefið út burðarþolsmat fyrir fjörðinn. ÁE upplýsti að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið telji ekki lagastoð fyrir afmörkun hafnarsvæða á sjó og velti því upp hvaða áhrif það hafi á skipulagsgerðina að hafnarsvæði nái langt út á firði. AP sagði reglugerðir um hafnir til skoðunar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti m.a. í samhengi við skilgreiningar á siglingaleiðum. EAA benti á að hafnarsvæðin hafi verið skilgreind í gildandi hafnarreglugerðum eins og sýnt er á korti yfir mannvirki tengd umferð á sjó. Vinnan framundan snúist um að móta stefnu um nýtingu þessara svæða og alls svæðisins.

#### 2. Kynning og umræður um drög að samantekt samráðs við gerð strandsvæðisskipulags

Svæðisráð fékk send drög að samantekt samráðsvinnu við gerð strandsvæðisskipulags, *Afrakstur samráðs*, með tölvupósti þann 24. febrúar síðastliðinn. Í skýrslunni er tekinn saman afrakstur af því samráði sem hefur farið fram við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum, þ.e. samantekt annars vegar af samráðsvefsjá sem var opin í maí og júní 2020 og hins vegar samráðsfundum með hagsmunaaðilum sem haldnir voru í nóvember 2020. EAA kynnti uppbyggingu og innihald skjalsins í grófum dráttum.

### 3. Ferlið framundan og verkáætlun

EAÁ kynnti ferlið og hvernig staðið verður að vinnunni framundan. Fyrir liggur að ljúka vinnu við greiningu forsendna og úrvinnslu úr því samráði sem fram hefur farið í ferlinu. Næsta skref í vinnunni er að skilgreina þær sviðsmyndir sem unnið verður útfrá við mótun stefnu í skipulaginu og leggja mat á umhverfisáhrif þeirra. Vinna við skilgreiningu sviðsmynda er hafin. Einnig er að hefjast vinna við mótun nýtingarflokka og uppbyggingu stefnuskjalsins. Áætlað er að funda um tillögur að sviðsmyndum og nýtingarflokka í apríl. Þá tekur við vinna við mótun tillögu og umhverfismat hennar. Áætlað er að svæðisráð fundi tvisvar um vinnslutillögu og fundi síðan með samráðshópi um hana. Áætlunin gerir ráð fyrir að svæðisráð samþykki tillögu til auglýsingar í september. EHP nefndi að framvindan við útfærslu endanlegrar tillögu fari að einhverju leyti eftir því hversu mikið af athugasemdum berist frá samráðshópi og að því gæti verið þörf á að bæta við fundi. ÁE spurði hvort Hafrannsóknastofnun muni koma að mótun sviðsmynda og nýtingarflokka. EAÁ nefndi að Skipulagsstofnun hafi fengið ráðgjafa til liðs við sig í að vinna að greiningu sviðsmynda og að það komi til álita að fá sérfræðiálit ráðgefandi stofnana á ákveðnum þáttum í sviðsmyndagreiningunni.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Samþykkt var að gengið yrði frá fundargerð eftir fund og hún send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundi var slitið kl. 15:10.